



Mosfellbær

b/t Haraldar Sverrissonar
Afrit á Arnar Jónsson staðgengil bæjarstjóra
Þverholti 2,
270 Mosfellbæ

Varðar: Þjónusta við fötluð börn í Mosfellsbæ og foreldra fatlaðra barna

Með tölvuskeyti og erindi dags 3. nóvember óskaði ég vinsamlegast eftir að mál er varðaði þjónustu við fötluð börn í Mosfellsbæ yrði tekið á dagskrá bæjarráðs með afbrigðum á síðasta fundi ráðsins 4. nóvember sl. Þar var sérstaklega tilgreint eftirfarandi af hálfu undirritaðs: „Hér er ósk um umræðu almennt hvað þetta málefni varðar án þess að fjallað sé um sérstök mál einstakra barna. Í gær fórum við lauslega yfir fjárhagslegu hlið málsins en í fyrramálið gæti gefist kjörið tækifæri til að varpa skýrara ljósi á þarfir fatlaðra barna og réttinda þeirra.“. Þarna er vísað m.a. í fund sem haldinn var á þriðjudaginn 2. nóvember þar sem farið var ítarlega yfir fjárhagsáætlun og hvert málefnasvið innan bæjarins.

Tilfnið var erindi frá foreldrum fatlaðs barns en undirritaður hefur orðið var við óánægju foreldra með þjónustu við börn sín sem eru fötluð og hafa foreldrar sett sig í samband vegna málsins. Sökum þessa og í samhengi við umræðu á þriðjudaginn í síðustu viku, þar sem farið var yfir fjármál bæjarins, tel ég mikilvægt að fá kynningu á þeirri þjónustu sem veitt er hjá Mosfellsbæ fyrir börn á aldrinum 0-18 ára sem eiga við margvíslegar fatlanir að etja ásamt því hvernig óskum foreldra þessara barna er mætt m.a. varðandi að koma börnum til og frá í sjúkra- og iðjuþjálfun ásamt tilhögun sem þessu tengist. Hvert barn er einstakt og þarfir afskaplega mismunandi. Hins vegar virðist standa eftir ósk foreldra um þjónustu sem virðist ekki nægjanlega uppfyllt af hálfu bæjaryfirvalda.

Því ítreka ég þá beiðni sem áður barst og óska eftir að dagskrárliðurinn hafi yfirskriftina: „Þjónusta við fötluð börn í Mosfellsbæ og foreldra þeirra.“. Ósk mín er sú að framkvæmdastjórar Fjölskyldusviðs og Fræðslu- og frístundasviða verði vinsamlegast boðaðir á fundinn til að setja okkur betur inn í þjónustu við fötluð börn og hvernig hægt er að léttu undir með foreldrum ásamt því að auka bæði virkni og bæði sjúkra- og iðjuþjálfun ungra fatlaðra barna með tilsvarende greiningar.

Mun ég jafnframt leggja einhver gögn fyrir fundinn sem tengjast þessum dagskrárlið.

Mosfellsbæ 8. nóvember 2021

**Virðingarfyllt,
Sveinn Óskar Sigurðsson
Fulltrúi Miðflokksins í bæjarstjórn og
Bæjarráði Mosfellsbæjar**